

# ÁRSSKIL

## – skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2006 –

Hjálögð fylgir skýrsla til uppgjors á virðisaukaskatti vegna uppgjörstímabilsins janúar-desember 2006.

Henni ber að skila eigi síðar en á gjalddaga  
**5. febrúar n.k.**

Áríðandi er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þó að rekstur hafi legið niðri og velta því engin verið á árinu (núllskýrsla).

**Greiðsluskýrslu** skal skila ásamt greiðslu til banka, sparisjóðs eða innheimtumanns ríkissjóðs.

**Inneignarskýrslu og núllskýrslu** skal skila beint til viðkomandi skattstjóra. Inneignarskýrslu skulu fylgja:

- 1) afrit af ársreikningi 2006
- 2) eða hreyfingalistar inn- og útskatts 2006
- 3) eða ljósrit af bókhaldshefti 2006

**Fylgi umrædd gögn ekki inneignarskýrslu má búast við því að skattstjóri hafni skýrslu og áætlí virðisaukaskatt.**

Vakin er athygli á því að skila má virðisaukaskattsskýrslu ásamt greiðslu rafrænt. Sótt er um rafræn skil á vef ríkisskattstjóra ([rsk.is/vefskil](http://rsk.is/vefskil)).

### Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.26)

Hjálagt er einnig eintak af leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts.

Henni skal skila ef leiðrétt þarf áður innsenda virðisaukaskattsskýrslu eða ef breyting verður á forsendu ársskila.

Ef skattskyld velta ársins 2006 var 800.000 kr. eða meira (sjá þó nánar hér á eftir) þá er forsenda fyrir

skilum einnar skýrslu fyrir allt árið brostin. Ber þá að fylla út leiðréttingarskýrslu og skipta veltu, útskatti og innskatti, niður á tveggja mánaða uppgjörstímabil ársins. Virðisaukaskattur ársins, tilfallinn fyrir og á því tveggja mánaða uppgjörstímabili sem var að líða þegar velta náði 800.000 kr., féll í gjalddaga einum mánuði og fimm dögum eftir lok þess uppgjörstímabils. Jafnframt bar að gera upp fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil eftir þann tíma. Því getur komið til álagsútreiknings (sjá um hann á bakhlið leiðréttingarskýrslunnar).

Með reglugerð sem tók gildi 1. janúar 2007 voru gerðar ýmsar breytingar á reglum um framtal og skil á virðisaukaskatti. Breytingar þessar verða nánar kynntar síðar, m.a. á vef RSK. Þær breytingar er varða reglur um ársskil eru þessar helstar:

- Framangreind fjárhæðarmörk, kr. 800.000, voru hækkuð upp í kr. 1.400.000. Þó skulu þeir sem höfðu veltu af virðisaukaskattsskyldri starfsemi á árinu 2006 á bilinu kr. 800.000 til 1.399.999 eiga val um það hvort þeir nota almanaksárið 2007 sem uppgjörstímabil eða tveggja mánaða uppgjörstímabil.
- Létt hefur verið á leiðréttingarskyldu innan ársins og miðast hún við kr. 3.000.000 enda þótt veltumark ársskila miðist við kr. 1.400.000.
- Þó svo velta aðila sé undir kr. 1.400.000 kr. skal hann ekki færast í ársskil ef reiknað endurgjald eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilagreinum staðgreiðslu eru kr. 100.000 eða hærrí á mánuði.

Leiðréttingarskýrslu ber að skila til innheimtumanns ríkissjóðs ásamt greiðslu, nema um inneign sé að ræða, þá til viðkomandi skattstjóra. Vakin er athygli á að nú er boðið upp á rafræn skil skýrslunnar í tengslum við framtalsskil á vefnum.

### Allt um **rafræn skil** á [rsk.is/vefskil](http://rsk.is/vefskil)

Minnt er á bæklinginn „Til minnis um ársskil“ (RSK 11.23) sem m.a. má finna á [rsk.is](http://rsk.is)  
Hjálögð er orðsending vegna virðisaukaskatts nr. 1/2007 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal.

Nánari upplýsingar og gögn má fá hjá ríkisskattstjóra (sími 563-1100) og skattstjórum um land allt.

## ÞJÓNUSTUSVIÐ RÍKISSKATTSTJÓRA